

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

349. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 09.01.2015, kl.07:30.

### Mættir eru:

Bjarni Torfí Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Guðmundur Geirdal. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins voru Hallur Símonarson og Anna Margrét Jóhannesdóttir undir lið 5 og Ágúst Þorbjörn Þorbjörnsson undir lið 6.

Ragna I. Halldórsdóttir deildarstjóri umhverfis- og fræðsudeildar undir 1. lið.

### Tekið fyrir:

- Niðurstöður Capacentkönnunar á viðhorfum til úrgangsmála og endurvinnslu**  
Framkvæmdastjóri og deildarstjóri umhverfis- og fræðsludeildar Ragna I. Halldórsdóttir kynna niðurstöður úr neyslukönnun Capacent.
- Útboð á móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs af endurvinnslustöðvunum**  
Framkvæmdastjóri kynnir framkvæmd útboðs og niðurstöðu á móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs af endurvinnslustöðvum SORPU. Eitt tilboð barst og var gengið til samninga við bjóðanda, Efnamóttökuna hf. í kjölfarið. Kynnt bréf Úrvinnslusjóðs til Umhverfisráðuneytis þar sem fram kemur afstaða stjórnar sjóðsins til útboðsins
- Umsögn SORPU vegna beiðni ÓK Lögmanna fyrir hönd Íslenska gámafélagsins og Metanorku um aðgang að tilteknum gögnum**  
Umsögnin lögð fram og kynnt.

Halldór Auðar Svansson mætir til fundar.

- Árleg húsasorpsrannsókn**  
Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur kynna frekari niðurstöður úr árlegri húsasorpsrannsókn ásamt magntölum.
- Endurskoðunarnefnd og innri endurskoðun**  
Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar fór yfir hvað felst í innri endurskoðun. Í framhaldi af kynningu á endurskoðunarnefnd Reykjavíkur á 344. fundi stjórnar var lögð fram ósk um að aðkoma nefndarinnar að eftirliti stjórnar Sorpu bs. með ytri endurskoðun og innra eftirliti hjá Sorpu bs. yrði formgerð. Stjórnin samþykkir að fela endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hlutverk endurskoðunarnefndar félagsins. Endurskoðunarnefnd mun þannig vinna fyrir hönd stjórnar Sorpu bs. að verkefnum sem skilgreind eru í samþykktum fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkur. Komið verði upp verklagi í samstarfi Sorpu bs. og endurskoðunarnefndar til að tryggja samfellu í upplýsingaflæði til stjórnar. Stjórnin samþykkir að fela framkvæmdarstjóra og formanni stjórnar að útfæra samskipti við endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "SORP", "RAG", "HAR", "BTA", and "SS".

**6. Tillaga stjórnar SSH um rekstrarúttekt á byggðasamlögunum**

Lögð fram tillaga stjórnar SSH um rekstrarúttekt byggðasamlaganna Strætó, SORPU og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Ágúst Þorbjörn Þorbjörnsson frá Framsækni kynnti hvað felst í slíkri úttekt. Stjórn samþykkir erindi SSH um rekstrarúttekt.

**7. Staða viðræðna um sameiningu/samstarf SORPU og Kölku**

Frankvæmdastjóri kynnir stöðu viðræðna um samstarf/sameiningu.

**8. Næsti fundur.**

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 6. Febrúar kl. 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 10:00.

Fundarritari Sigríður Björg Einarsdóttir

Bjarni Teyfo  
Hullóví Steinar Gunnarsson  
Jóna Þorunnardóttir  
Róbert  
Einar  
Hilmarinn Ólafsson  
Elli Á. Kaldanæs  
SORPA  
Bjarni Harkar